

Selfossi, apríl 2025.



Ágæti viðtakandi

Um leið og við þökkum fyrir styrki undanfarinna ára viljum við vekja athygli á því að nýtt styrktartímabil er að hefjast. Greiðsluseðill fyrir 2025 mun berast fljótlega og verður hann sá síðasti á þessu tímabili.

Við þetta tækifæri býður Vísindasjóðurinn þér/ykkur að halda áfram að styrkja sjóðinn og taka þátt í því að efla sunnlenskar rannsóknir og verkefni með því að endurnýja samninginn til næstu þriggja ára og myndi hann þá gilda fyrir árin 2026-2028. Framlög eru frjáls en óskað er eftir að samningur verði gerður til þriggja ára til þess að tryggja fyrirsjáanleika úthlutanna. Hafið þið tök á þátttöku munum við í framhaldi senda ykkur eyðublað um styrkloforð til útfyllingar og samþykktar.

Það er dýrmætt þegar margir aðilar sameinast um það mikilsverða markmið að styrkja rannsóknar- og atvinnulíf á Suðurlandi á fjölbreyttan hátt.

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands hefur starfað árum saman og stutt menntun og rannsóknir á Suðurlandi. Árleg úthlutun undanfarin ár hefur verið á bilinu 1.000.000 - 1.500.000 kr. og hefur forseti Íslands heiðrað sjóðinn með því að veita styrkina. Sjóðurinn hefur í gegnum árin styrkt fjölda námsmanna í masters- og doktorsnámi með fjárframlögum, sjá hér: [Styrkþegar - Háskólafélag Suðurlands \(hfsu.is\)](#). Sammerkt er að rannsóknir styrkþega hafa snúist um Suðurland og hafa styrkirnir því átt þátt í að móta nýja þekkingu í landshlutanum.

Styrkveitingar sjóðsins hafa víða vakið athygli og þykir nokkrum undrum sæta að á Suðurlandi skuli vera hægt að halda úti styrkjum til rannsókna í þessum mæli. Megin ástæða þess að þetta er gerlegt byggist á mikilli og góðri samvinnu fyrirtækja, stofnana og félaga á Suðurlandi. Samvinna þessi hefur verið öllum, sem að henni standa, til fyrirmyndar.

Fyrir hönd Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands.

Helga Kristín Sæbjörnsdóttir
verkefnastjóri Háskólafélags Suðurlands

